



Reykjavík, 31. ágúst 2021

R21080014

Efni: Umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021 - 2030

Fjölmeningarráð fagnar nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan hefur inngildinguna að leiðarljósi, sem samræmist vel þeim áherslum sem ráðið vinnur eftirog var stefnan unnin í víðu samráði við fjölbreyttan hóp. Stefnan er í góðu samræmi við stefnu borgarinnar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd en þar er einmitt lögð áhersla á virka þátttöku innflytjenda í borgarhátíðum og að gera þeirra framlag til menningar sýnilegra í borginni.

Sérstaklega ánægjulegt er að drög að stefnunni hafa nú þegar verið þýdd yfir á ensku og pólsku, svo þeir sem ekki skilja íslensku nógu vel geta einnig tekið virkan þátt í stefnumótuninni. Mikilvægt er að halda áfram að miðla stefnumótunarvinnu til allra borgarbúa á þeirra forsendum.

Ábendingar:

Fjölbreytileiki

Ráðið fagnar því hversu mikil áhersla er lögð á þátttöku ólíkra hópa eins og innflytjenda á meðal þeirra sem njóta og skapa list og menningu í borginni. Hins vegar er að sama skapi mikilvægt að starfshópar borgarinnar endurspegli einnig þann fjölbreytileika og fjársjóð sem ólíkir menningarheimar hafa fram að færa, bæði til að auðga menningarlífið og auka þekkingu á notendahópum. Nú þegar hafa innflytjendur starfað hjá borginni sem vinna að fjölmennningarlegum viðburðum og málefnum en mikilvægt er að taka næsta skrefið og fjölga starfsmönnum með erlendan bakgrunn á fleiri sviðum.

Það mætti einnig koma skýrar fram að menning Reykjavíkurborgar er menning allra sem hér búa, að mismunandi menningarheimar mynda nýja heild hér, að það sé ekki ógn við arfleidd eldri menningar að inn komi nýjar straumar. Fyrirbyggja þannig að menningarhugtakinu sé skipt í menningu innfæddra og menningu aðfluttra sem ýtir undir hugmyndir um að mismunandi menningarheimar séu misverðmættir. Leita þarf leiða til að styrkja grasrótasamtök sem vinna að því að varðveita og styrkja upprunarmenningu aðfluttra og skilgreina þau sem eðlilegan hluta borgarmenningar.